

Borgarbyggð
Ásgerður Hafdís Hafsteinsdóttir
Borgarbraut 14
310 Borgarnesi

Garðabær, 8. ágúst 2024
Málsnúmer: 202406-0039
MH

Efni: Sigmundarstaðir – mælímastur á Grjóthálsi, tillaga að deiliskipulagi

Vísað er til erindis Borgarbyggðar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 20. júní 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að deiliskipulagi sem tekur til mælímasturs á Grjóthálsi í landi Sigmundarstaða.

Samkvæmt deiliskipulagstillögunni verður reist allt að 98 m hátt mastur í 267 m h.y.s. Mastrið verður flutt á staðinn eftir núverandi vegi upp á Grjótháls. Um er að ræða stálgrindarmastur, þríhyrnd grind með 48 cm breiðum hliðum. Það er fest með stögum sem ná allt að 60 m frá mastrinu. Um tímabundna framkvæmd er að ræða til tveggja ára. Meginmarkmið verkefnisins er að safna upplýsingum um vindafar sem geta nýst í hönnun vindorkugarðs á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagstillöguna. Í henni kemur fram að unnið hafi verið að fuglaathugunum á svæðinu í tengslum við fyrirhugaðan vindorkugarð og gert er ráð fyrir að áhrif mælímastursins á fuglalíf verði óveruleg. Þar sem mastrið er fest með stögum sem ná allt að 60 m frá mastrinu telur Náttúrufræðistofnun óhjákvæmilegt annað en að fuglar muni í einhverjum mæli fljúga á en í ljósi lítils varþéttleika á svæðinu er ólíklegt að afföllin verði mikil, sér í lagi þar sem um tímabundna framkvæmd er að ræða. Stofnunin telur að áhrif á gróður verði óveruleg.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagstillöguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur



